



Afkoma Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) á öðrum ársfjórðungi 2014

Reykjavík, 28. ágúst 2014

Á stjórnarfundi þann 28. ágúst 2014 samþykkti stjórn og forstjóri TM árshlutauppgjör félagsins fyrir fyrri árshefning 2014. Árs hlutareikningurinn hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu tölur frá öðrum ársfjórðungi TM 2014 eru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður eftir skatta var 314 m.kr. (2F 2013: 669 m.kr.)
- Hagnaður á hlut var 0,42 kr. (2F 2013: 0,88 kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var 147 m.kr. (2F 2013: 563 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru 313 m.kr. (2F 2013: 331 m.kr.)
- Samsett hlutfall var 95,0% (2F 2013: 80,9%)
- Tjónshlutfall var 72,1% (2F 2013: 57,8%)
- Kostnaðarhlutfall var 22,8% (2F 2013: 23,1%)
- Handbært fé frá rekstri var 268 m.kr (2F 2013: 532 m.kr.)
- Eiginfjárlutfall var 36%
- Arðsemi eigin fjár var 11,3% (2F 2013: 26,4%)

Helstu tölur frá fyrri árshefningi TM 2014 eru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður eftir skatta var 1.015 m.kr (1H 2013: 1.191 m.kr.)
- Hagnaður á hlut á var 1,34 kr. (1H 2013 1,57 kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var 186 m.kr. (1H 2013: 826 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru 1.053 m.kr. (1H 2013: 800 m.kr.)
- Samsett hlutfall var 96,7% (1H 2013: 85,6%)
- Tjónshlutfall var 72,5% (1H 2013: 61,1%)
- Kostnaðarhlutfall var 24,2% (1H 2013: 24,5%)
- Handbært fé frá rekstri var 1.241 m.kr. (1H 2013: 1.631 m.kr.)
- Arðsemi eigin fjár var 17,8% (1H 2013: 23,4%)

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Gott jafnvægi var á milli framlegðar af váttryggingarekstri og fjárfestingatekna á fjórðungnum. Minni framlegð af váttryggingastarfsemi en á fyrra ári má fyrst og fremst rekja til aukningar í ökutækjateljónum sem hefur verið hraðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir erfið skilyrði á innlendum fjármálamörkuðum var afkoma af fjárfestingum á tímabilinu góð. Afkoma allra eignaflokka var jákvæð á fjórðungnum sem endurspeglar góða dreifingu fjárfestingaeigna félagsins.

Tjónakostnaður á öðrum ársfjórðungi eykst mikið frá sama tímabili í fyrra en vert er að benda á að annar ársfjórðungur 2013 var óvenju tjónaléttur. Mestu munar um neikvæða þróun í ökutækjatrýggingum en einnig var aukning í tjónum í eignatrýggingum. Eigin iðgjöld standa nánast í stað á milli ára og hefur sú þróun sem varð á 1. ársfjórðungi, þegar tekjur lækkuðu nokkuð, ekki haldið áfram. Rekstrarkostnaður lækkar um 4% milli ára sem er ánægjulegt og í takti við áætlanir félagsins fyrir árið 2014

Vegna minni tekna á 1. ársfjórðungi réðst félagið í hagræðingaraðgerðir á 2. ársfjórðungi sem munu skila sér í um 50 m.kr. lægri rekstrarkostnaði á 4. ársfjórðungi. Áætlunum félagsins fyrir árið hefur verið breytt til samræmis við þetta”.

Væntanlegar breytingar við mat á váttryggingaskuld

Í tjónaskuld er innifalið álag vegna óvissu sem er óhjákvæmileg við mat á henni. Í væntanlegum evrópskum gjaldpolsreglum, Solvency II, er gert ráð fyrir lægra álagi en félagið hefur verið að nota. Félagið hyggst í árslok 2014 meta tjónaskuldina í samræmi við matsreglur Solvency II. Félagið telur líklegt að breyttar matsreglur muni leiða til þess að tjónaskuldin lækki um allt að 2 milljarða kr. frá því sem nú er, að öðru óbreyttu. Álag af þessu tagi hefur verið í tjónaskuld um árabíl og var haldið áfram eins og heimilt var þegar alþjóðlegar reikningsskilareglur um váttryggingaskuldbindingar tóku gildi fyrir um 10 árum. Væntanleg breyting á matsaðferðum miðar að því að færa þær að þeim aðferðum sem notaðar verða við gjaldpolsútreikninga skv. Solvency II, en báðar aðferðir rúmast innan alþjóðlegra reikningsskilareglna.

Stórtjón á 3. ársfjórðungi

Þann 6. júlí varð stórbruni í Skeifunni 11 í Reykjavík. Tjónið í brunanum var mikið en metið heildartjón TM er um 1.050 m.kr. en þar af bera endurtryggjendur stærstan hluta kostnaðarins eða um 900 m.kr. Eigin áhætta TM í þessu tjóni er 150 m.kr. en auk þess þarf félagið að greiða um 90 m.kr. vegna endurvakningar endurtryggingasamninga. Nettó tjón TM vegna brunans er því um 240 m.kr. Tjónið er það stærsta sem félagið hefur þurft að bæta síðan árið 2002.

Áætlun

Í ljósi iðgjalda- og tjónapróunar á fyrri árhelmingi og stórbrunans sem varð í Skeifunni í júlí hefur félagið endurskoðað áætlun sína fyrir árið. Þá hefur einnig verið tekið tillit til ofangreindra breytinga á matsreglum tjónaskuldar skv. Solvency II (þús.kr.):

Eigin iðgjöld	11.460.526
Fjármunatekjur	2.045.689
Aðrar tekjur	104.208
Heildartekjur	13.610.423
Eigin tjón	-8.639.541
Endurmat tjónaskuldar	2.000.000*
Annar kostnaður	-2.899.389
Heildargjöld	-9.538.930
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.071.493

* Endanleg upphæð endurmats tjónaskuldar verður ljós í lok árs

Kynningarfundur

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi þann 29. ágúst kl. 8:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24, 4. hæð. Þar mun Sigurður Viðarsson forstjóri kynna uppgjörið og svara spurningum.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu er hægt að nálgast á vef félagsins www.tm.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar. Kynningarfundurinn verður sendur út í gegnum fjarfundabúnað á eftirfarandi slóð:

<https://global.gotomeeting.com/meeting/join/926541893>.

Að loknum kynningarfundu verður upptaka frá fundinum aðgengileg á vef félagsins www.tm.is/fjarfestar.

Nánari upplýsingar

Sigurður Viðarsson forstjóri s: 515-2609
sigurdur@tm.is